

3. fundur stjórnar Þjóðkirkjunnar

Þriðji fundur stjórnar Þjóðkirkjunnar var haldinn þann 30. apríl 2024 kl. 9:00 að Suðurlandsbraut 32. Mætt voru Rúnar Vilhjálmsson, formaður, Árni Helgason varaformaður, Anna Guðrún Sigurvinsdóttir, varamaður í forföllum Einars Más Sigurðarsonar, Arna Grétarsdóttir og Þuríður Björg Wium Árnadóttir. Þá eru mætt Birgir Gunnarsson, framkvæmdastjóri rekstrarstofu Þjóðkirkjunnar og Guðmundur Þór Guðmundsson, lögfræðingur kirkjupings, sem ritaði fundargerð í forföllum Eiríks Guðlaugssonar, lögmanns á rekstrarstofu.

1. Stöðuyfirlit framkvæmdastjóra

- a. Skeggjastaðir
 - i. BG kynnti drög að leigusamningi til 10 ára um jörðina Skeggjastaði í Langanesbyggð.
- b. Breiðabólstaður
 - i. BG kynnti stöðu framkvæmda við prestbústaðinn að Breiðabólstað.
- c. Kópnesbraut 17, Hólmavík
 - i. BG upplýsti að búið væri að gera tímabundinn leigusamning um íbúðarhúsið. Stefnt er að því að óska eftir söluheimild á eigninni á 66. kirkjupingi 2024-2025, næsta haust.
- d. Saurbær í Hvalfjarðarsveit
 - i. BG kynnti drög að viljayfirlýsingu um uppbyggingu á listamannasetri að Saurbæ í Hvalfjarðarsveit, þar sem gert er ráð fyrir að Þjóðkirkjan leigu út lóðir í landi jarðarinnar.
- e. Hof
 - i. BG gerði grein fyrir stöðu máls vegna útleigu lóðar til byggingar nýs veiðihúss við Hofsá.
- f. Rekstraryfirlit janúar-mars 2024
 - i. BG kynnti rekstraryfirlit Þjóðkirkjunnar fyrir janúar-mars 2024, þ.e. rekstraráætlun og rauntölur fyrir fyrsta ársfjórðung 2024.

2. Jöfnunar- og Kristnisjóður

- a. Undir dagskrárliðnum kom inn á fund stjórnar sr. Gísli Jónasson, formaður úthlutunarnefndar Jöfnunar- og Kristnisjóðs.
- b. Kynnti sr. Gísli starf nefndarinnar, þá verkferla sem unnið er eftir og fór yfir ýmislegt í starfrækslu sjóðanna auk þess sem hann gerði grein fyrir forsögu þeirra.

3. Önnur mál

- a. Rætt var um starfsreglur stjórnar, sbr. umfjöllun á síðasta fundi. Ákveðið að formaður og varaformaður myndu hitta Bjarna Snæbjörn Jónsson, ráðgjafa og öðrum stjórnarmönnum gefið færi á að senda inn athugasemdir eða tillögur til 8. maí nk.

- b. ÁH benti á að ræða þyrfti málefni Skálholts og Hóla.
- c. Rætt var um skoðanakönnun sem kynnt var á kirkjuþingi haustið 2022. Framkvæmdastjóra falið að kanna hvernig unnið var úr niðurstöðunum.
- d. Rætt var um sóknargjöld og leiðréttingu þeirra til samræmis við lög. Ákveðið var að stjórn Þjóðkirkjunnar þyrfti að koma meira að því máli.
- e. Rætt var um nýtt skipurit Þjóðkirkjunnar. Upplýsti framkvæmdastjóri að unnið væri að innleiðingu þess og verður það fest í sessi við flutning í nýtt húsnæði á næstu vikum.
- f. ÞBWÁ lýsti áhyggjum yfir mönnunvarvanda á landsbyggðinni, t.d. í Skagafirði og fækkun í námi í guðfræði- og trúarbragðafræðideild.

Næsti fundur verður með stjórn Skálholts í maí/júní í Skálholti og síðan verður fundur stjórnar Þjóðkirkjunnar í beinu framhaldi. Tímasetning verður ákveðin síðar og boðað til þess fundar með dagskrá.

Fleira var ekki gert og var fundi slitið kl. 11:45.